

Bæjarráð - Fwd: Könnun um Sundhöll Ísafjarðar tilbúin

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
Heiti : Bæjarráð - Fwd: Könnun um Sundhöll Ísafjarðar tilbúin
Málsnúmer : 2016030006
Málsaðili : Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Skráð dags : 23.03.2018 10:05:15
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi ATT00001.gifATT00001.gif
ATT00001.gifATT00001.gif

Frá: Helgi Guðmundsson
Sent: föstudagur, 23. mars, 08:26
Efni: Könnun um Sundhöll Ísafjarðar tilbúin
Til: Gísli Halldór Halldórsson

Sæll Gísli

Nú er uppsetningu könnunar um Sundhöll Ísafjarðar lokið og má sjá könnunina í meðfylgjandi hlekk:
https://haskoliislands.eu.qualtrics.com/jfe/preview/SV_eLqBokpEQx7Xp7n?Q_CHL=preview

Í listanum er 41 spurning (þar af 8 bakgrunnsspurningar) og má áætla að taki um 15 mínútur að svara listanum.

Eins og fram kom í tilboði er markmið könnunar að kanna viðhorf íbúa til Sundhallar Ísafjarðarbæjar og framtíð hennar, sem og hve miklu fé íbúar telja réttlætanlegt að veita til endurbóta. Eftir að gagnaöflun lýkur verður greint frá niðurstöðum í skýrslu og niðurstöður kynntar óski verkkaupi þess.

Spurningalistinn skiptist í nokkra hluta. Í fyrsta hluta er sundhegðun könnuð. Í næsta hluta er svokölluð Max-diff greining sem sýnir hvaða atriði skipta fólki mestu máli að hafa í sundlaug (leiksvæði, 25m laug, aðstaða, ...). Því næst er conjoint greining til að greina hve miklu fé íbúar telja réttlætanlegt að eyða í sundlaug. Sjá þá svarendur átta spurningar þar sem þau eru beðin um að velja á milli sundlaugar A og B. Valkostirnir eru settir saman af handahófi m.t.t. pottaaðstöðu, leiksvæðis, útisvæðis og lengd laugar. Uppgefinn kostnaður fyrir hvorn valkost ræðst af samsetningu. Kostnaður hvers liðs er gróflega áætlaður út frá kostnaðarmati sem bærinn lét gera fyrir fyrirhugaðar endurbætur laugar. Kostnaður framkvæmda er birtur svarendum sem hlutfall sem varið var til æskulýðs- og íþróttamála til að setja tölurnar í samhengi og gera þær áþreifanlegri fyrir svarendur.

Greiningin mun sýna hvaða atriðum íbúar skipta út vegna kostnaðar. Eftir að hafa svarað conjoint spurningum koma nokkrar almennar spurningar. Fyrst er spurt beint út hvað íbúar vilja: engar, litlar eða miklar endurbætur, nýja laug eða loka sundhöll. Viðhorf til vinningstillögu að endurbótum Sundhallarinnar. Hvernig fólk vill nýta húsnæðið við Austurveg í framtíðinni. Að lokum er spurt um bakgrunn (upplýsingar um kyn og aldur eru sóttar í Þjóðskrá)

Bestu kveðjur,
Helgi

Helgi Guðmundsson

Verkefnastjóri

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands / Social Science Research Institute, University of Iceland

Gimli 246 | Sæmundargötu 10

Beinn sími/Direct tel. +354 525 5437 | Farsími/Mobile +354 864 6309

heg@hi.is |

www.felagsvisindastofnun.is